

SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Tónlistarskóli Kópavogs.

Nafn og markmið.

1. gr.

Tónlistarfélag Kópavogs stofnar hér með sjálfseignarstofnun, sem heitir Tónlistarskóli Kópavogs. Heimili skólans er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur tónlistarskóla sem starfar í Kópavogi.

3. gr.

Stofnfé Tónlistarskóla Kópavogs er kr. 120.666.603. Stofnféð greiðist með hljóðfærum, áhöldum og tækjum að bókfærðu verði kr. 5.380.492 og 27,5% eignarhluta í Tónlistarhúsi Kópavogs, sem greitt hefur verið fyrir með kr. 115.286.111 með skuldabréfi að upphæð kr. 100.000.000 og með peningum.

Stofnfé skólans skal aldrei verða að raungildi minna en kr. 600.000.

Stjórn og fjármál skólans.

4. gr.

Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs skal skipuð fimm mönnum. Fyrstu stjórn skipa þrjú menn tilnefndir af núverandi stjórn Tónlistarfélags Kópavogs og tveir kjörnir af bæjarstjórn Kópavogs til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þegar stjórnarmaður, sem ekki er kjörinn af bæjarstjórn Kópavogs, hverfur úr stjórninni skulu stjórnarmenn sammælast um mann í stjórnina í hans stað. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn skulu eiga lögheimili í Kópavogi.

Stjórnin ræður skólastjóra að skólanum, samþykkir fjárhags- og starfsáætlun skólans, fylgir henni fram og ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur um starfsemi tónlistarskóla. Nánar skal kveðið á um störf stjórnarinnar, þeirra sem fyrir hana starfa og störf nemenda í skólareglum sem stjórnin setur.

5. gr.

Rekstur skólans skal kosta með styrk frá Kópavogsbæ, skólagjöldum nemenda, svo og öðrum þeim styrkjum sem skólinn kann að fá.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal valinn af stjórn skólans til eins árs í senn. Starfsár og reikningsár er frá 1. september til 31. ágúst.

7. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Tónlistarskóli Kópavogs skal tekin af stjórn hennar. Þarf atkvæði minnst fjögurra stjórnarmanna til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunin lögð niður renna eignir til Tónlistarhúss Kópavogs eftir að skuldir hafa verið greiddar.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir dómsmálaráðherra í samræmi við lög nr. 19/1988.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Skiplagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.